

## Skólaráð Naustaskóla

4. fundur ársins 2012 þann 11. apríl kl. 8:10

### Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Sara Stefánsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Sigurlaug Jónsdóttir.

### Dagskrá og afgreiðslur:

Fundurinn er fyrst og fremst kynningarfundur fyrir foreldra um málefni sem varða næsta skólaár en formlegar afgreiðslur bíða næsta fundar sem er fyrirhugaður að viku liðinni.

1. **Skóladagatal.** Farið yfir skóladagatal næsta vetrar eins og það lítur út eftir breytingar í meðförum kennarafundar. Engar athugasemdir gerðar við dagatalið.
2. **Viðmiðunarstundaskrá.** Skólastjóri kynnti drög að viðmiðunarstundaskrá fyrir skólann sem byggir á viðmiðunum nýrrar aðalnámskrár. Rætt um nokkra þætti og hvernig áherslur skólans birtist í viðmiðunarstundaskránni. Fram kom áhugi á að leikræn tjáning fái öruggan sess í viðmiðunarstundaskrá skólans.
3. **Stundaskrárramma 2012-2013.** Kynntar hugmyndir að stundaskrárramma, þ.e. tímasetningum, frímínútum o.s.frv. Einnig ræddar lítillega hugmyndir sem komið hafa fram varðandi fyrirkomulag verk- og listgreinakennslu, þ.e. að fella hana alfarið inn í starf hvers kennsluteymis fyrir sig með tímabundinni aðkomu list/verkgreinakennara í hverju teymi. Fram kom áhugi á að hafa sveigjanleika varðandi frímínútur að hluta, þ.e. að kennarar stjórni því hvenær nemendur taki frímínútur og annist þá jafnframt gæslu í frímínútunum.
4. **Valgreinar í 8.-10. bekk.** Umræðu frestað til næsta fundar.
5. **Starfsmannamál.** Auglýstar hafa verið kennarastöður við skólann fyrir næsta vetur. Umsóknarfrestur er til 30. apríl. Fyrirsjáanlegt er að ráða þarf 9-10 kennara að skólanum vegna fjölgunar nemenda og orlofa kennara, enginn kennari hefur hins vegar sagt upp störfum við skólann.
6. **Önnur mál**
  - a. **Árshátíð.** Ábending um að á árshátíð skólans megi gera sviðs- og tæknifólki úr hópi nemenda hærra undir höfði með því að kynna þá og þeirra störf...

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið um kl. 10:20

Ágúst Jakosson ritaði fundargerð